

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. september 2023
Málsnúmer: 202308-0018
IAS

Efni: Umsögn um matskyldu vegna Suðurstrandarlína 1, 2 og 3.

Vísað er í tölvubréf í gegnum Skipulagsgátt dags. 14. ágúst 2023, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um greinargerð með fyrirspurn um matskyldu vegna Suðurstrandarlína 1, 2 og 3.

Landsnet hyggst leggja háspennna jarðstrengi frá tengivirkinu norðvestan við Þorlákshöfn að starfsstöðvum raforkunotendanna First Water (áður Landeldi ehf) og GeoSalmo vestan við Þorlákshöfn. Um er að ræða þrjá jarðstrengi sem eru 2-4 km langir sem verða að mestu í veg- og stíggöntum innan Sveitarfélagsins Ölfuss. RARIK hyggst nýta tækifærið og plægja strengi samsíða strengjum Landsnets.

Lagnaleiðin er utan verndarsvæða og mikilvægra fuglasvæða og gróðurfar er fábrotið, aðallega eyðihraunavist og mosahraunavist með miðlungum til lágt verndargildi.

Leiðin er hins vegar öll á nútímahrauni, Leitahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og skal forðast röskun þess nema brýna nauðsyn beri til. Fleyga þarf rás fyrir strengina niður í slétt helluhraun en um er að ræða skipulagt iðnaðarsvæði og að mestu er farið meðfram fyrirliggjandi vegum og stígum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinagerðina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

